

Ed. **240. Frumvarp til laga** [173. mál]
um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

2. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Til þess m. a. að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. svo og önnur eftirlitsstörf skv. lögum þessum eða öðrum fyrirmælum, skal starfa í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu lyfjaeftirlitsmaður, er sé lyfjafræðingur að mennt. Honum til aðstoðar við eftirlitið starfi sérhæft aðstoðarfólk eftir þörfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Tilgangur þess er sá að koma á nýskipan í eftirlitsmálum á sviði lyfsölulaga. Málum þessum er nú þannig fyrir komið, að eftirlit með lyfjabúðum annast, skv. háskólalögunum, dósentinn í lyfjafræði lyfsala, en til að annast önnur eftirlitsstörf á sviði lyfsölulaganna hafa verið ráðnir menn í lausavinnu eða þá að eftirlitinu hefur alls ekki verið sinnt.

Þá hafa störf dósentsins í lyfjafræði lyfsala aukizt verulega á undanförunum árum við kennslu, jafnframt því sem lyfjabúðum hefur fjölgað og kröfur lyfjabúðæftirlitsins þannig aukizt.

Til þess að koma eftirlitsmálunum í viðunandi horf, er lagt til með frumvarpi þessu, að fenginn verði lyfjafræðingur í fullu starfi til þess að annast eftirlitsstörf, og jafnframt, að heimilað verði að ráða aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur, í framtíðinni.

Jafnhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til breytingar á háskólalögunum, þar sem niður er felld skylda kennara í lyfjafræði lyfsala til að gegna eftirlitsstarfi með lyfjabúðum.

Rektor Háskóla Íslands hefur með bréfi, dags. 28. nóvember 1969, óskað eftir þessari breytingu, og sömuleiðis hefur landlæknir með bréfi, dags. 13. október 1969, lagt þessa breytingu til, og fylgja nefnd bréf, ásamt fylgiskjölum, frumvarpi þessu sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 28. nóvember 1969.

Ég leyfi mér að tjá hinu háa ráðuneyti, að Háskólaráð samþykkti á fundi sínum hinn 20. nóvember að fallast á, að starf eftirlitsmanns með lyfjabúðum á vegum heilbrigðismálastjórnarinnar verði skilið frá starfi dósents í lyfjafræði lyfsala hið fyrsta, þannig að á dósentinn verði ekki lagðar sérstakar kvaðir umfram það, er nú tíðkast um dósenta í fullu starfi við Háskólann. Var þetta gert í samræmi við bréf Læknadeildar, dags. 10. nóvember, ásamt fylgiskjali, dags. 30. október, sem hvort tveggja fylgir í ljósriti.

Er því til þess mælt, að lögum verði breytt til samræmis við þetta (l. nr. 51 1960, 2. gr., sbr. l. nr. 60 7. júní 1957, 38. gr. 1. mgr. in finem).

Allra virðingarfyllst,

Magnús Már Lárusson.

Menntamálaráðuneytið,
Rvík.

HÁSKÓLI ÍSLANDS,
Læknadeild.

Reykjavík, 10. nóv. 1969.

Læknadeild samþykkti á fundi sínum miðvikudaginn 5. nóv. 1969 að mælast til þess, að Háskólaráð hlutist til um það við hlutaðeigandi aðila, að tilmælum, sem felast í meðfylgjandi ljósriti af bréfi Þorkels Jóhannessonar prófessors og Vilhjálms Skúlasonar dósents, verði framfylgt.

Virðingarfyllst,

f. h. læknadeildar

Ólafur Bjarnason
deildarforseti.

Til Háskólaráðs.

Í 38. gr. laga nr. 60 1967, um Háskóla Íslands, er svo fyrir mælt að dósent í lyfjafræði lyfsala skuli jafnframt dósentstarfi sínu annast eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina. Ákvæðum þessum hefur ekki verið breytt með lögum nr. 22 1969, um breyting á lögum um Háskóla Íslands.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 22 1969, er fyrir ræðir, skulu dósentar og lektorar vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi. Í athugasemd við þessa lagagrein í frumvarpsformi segir enn fremur, að dósentar skulu að öllu jöfnu hafa meiri kennsluskyldur en prófessorar en þó svo, að þeim gefist gott tækifæri til þess að helga sig rannsóknum.

Kennsluskylda dósentis í lyfjafræði lyfsala hefur aldrei numið minna en 10 stundum á viku. Dósentinn í lyfjafræði lyfsala hefur undanfarin ár orðið að verja um það bil 4 mánuðum árlega til eftirlitsstarfs með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina. Starf þetta fer enn fremur vaxandi.

Undirritaðir, Vilhjálmur G. Skúlason, dósent í lyfjafræði lyfsala, og Þorkell Jóhannesson, prófessor í lyfjafræði, en prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala, geta þannig að framansögðu ekki annað séð en ákvæði um störf dósentis í lyfjafræði lyfsala séu í algeru ósamræmi við þau ákvæði, er nú gilda um dósentar yfirleitt við Háskóla Íslands. Undirritaðir gera því að tillögu sinni, að starf eftirlitsmanns með lyfjabúðum á vegum heilbrigðisstjórnarinnar verði skilið frá starfi dósentis í lyfjafræði lyfsala hið fyrsta þannig, að á dósentinn verði ekki lagðar sérstakar kvaðir umfram það, er nú tíðkast um dósentar í fullu starfi við Háskólann.

Reykjavík, 30. 10. 1969.

Virðingarfyllt

Vilhjálmur G. Skúlason.

Þorkell Jóhannesson.

Til forseta læknadeildar
prófessors dr. med. Ólafs Bjarnasonar.

Fylgiskjal II.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. október 1969.

Í lögum nr. 60/1957, sbr. l. nr. 51/1960, um Háskóla Íslands, er í 38. gr. tekið fram, að „kennari í lyfjafræði lyfsala hafi jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.“

Eins og kunnugt er, hefur lyfjabúðaeftirlitið á undanförunum árum farið sívaxandi vegna fjölgunar lyfjabúða í landinu (nú alls 29). Í lyfsölulögum nr. 30/1963 er enn fremur gert ráð fyrir eftirliti með lyfjaheildsölum, lyfjagerðum og sérlyfjum. Þá er enn fremur nauðsynlegt eftirlit með lyfjasölu héraðslækna, en það hefur verið vanrækt undanfarin ár.

Með því að komið hefur verið á nákvæmu eftirliti með öllum ávísunum eftirritunarskyldra lyfja, sem nú er að mestu framkvæmt í skýrsluvélum ríkisins, hefur eftirlitsstarfið stórákizt. Er skýrslum lyfjabúðanna safnað, og séð um vinnslu þeirra í vélunum mánaðarlega og árangurinn síðan kynntur, eftir því sem við á.

Auk þessa þarf að annast árlega skýrslugerð til nokkurra alþjóðastofnana, meðal annars vegna neyzlu ávana- og fíknilyfja í landinu.

Af ofanskráðu tel ég, að starf lyfjaeftirlitsmanns og kennarastarfið í lyfjafræði lyfsala fari eigi lengur saman, enda munu kennslustörfin einnig hafa aukizt til muna

hin síðari ár. Leyfi ég mér því að leggja eindregið til, að ráðuneytið hafi samráð um það við menntamálaráðuneytið, að fyrrnefndu lagaákvæði verði breytt þannig, að kennara í lyfjafræði lyfsala verði eigi skylt að hafa á hendi lyfjaeftirlitsstarfið, heldur stofnuð sérstök staða lyfjaeftirlitsmanns.

Jafnframt slíkri breytingu er rétt, að felld yrði niður 2. málsg. 47. gr. lyfsölu-
laganna.

Sig. Sigurðsson.

Dómsmálaráðuneyti,
R e y k j a v í k .